

Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi

Samþykkt á deildarfundum Stjórn málafræðideildar 20. janúar 2010, m.br. 6. október 2011 og 10. október 2024

Tímasókn

Námskeið í Stjórn málafræðideild eru miðuð við að stúdentar sækja kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstílhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.

Ráðvendni í námi

Stjórn málafræðideild tekur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars - en ekki eingöngu - átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eða unnin af gervigreind og gervigreindartólum líkt og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Almennt gildir að óheimilt er að endurnýta ritgerðir eða hugverk sem áður hafa verið lögð fram til námsmats. Um misnotkun gervigreindar í námi gilda sömu reglur og um allt annað akademískt misferli.

Forseti Félagsvísindasviðs getur ákveðið að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 19. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og allmörg ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.